

110. STJÓRNARFUNDUR KRAFT

24. Mars 2020 KL 17:00.



Mættir: Gry Ek – Formaður
Þórunn Lilja Vilbergsdóttir – varaformaður
Inga María Henningsdóttir – ritari
Aron Ingi Gautason – gjaldkeri
Auðunn Jónsson – íþróttastjóri
Laufey Agnarsdóttir - meðstjórnandi
Muggur Ólafsson– meðstjórnandi
Lára Bogey Finnbogadóttir- starfsmaður
Einar Örn Guðnason – Formaður mótanefndar

Dagskrá: 1. Fundargerð seinasta fundar.
2. Fara yfir verkefni seinasta fundar.
3. Mótaskrá 2020.
4. Landsliðsmál
5. Styrkir til landsliðsmanna.
6. Þjálfaranámskeið hafið.
7. Önnur mál.

Gry setur 110. Stjórnarfund Kraft kl 17:00. Fundurinn er með öðru sniði að þessu sinni, eða í gegnum fjarfundarbúnað í ljósi aðstæðna.

1. Fundargerð seinasta fundar:

Fundargerð seinasta fundar samþykkt.

2. Fara yfir verkefni seinasta fundar:

Við höfum undirritað samning við afrekssjóð. En í ljósi aðstæðna með COVID-19 verðum við að sjá hvernig mál þróast.

Starfshlutfall hefur verið hækkað við Auðunn.

Prókúrumál við Aron eru komin á hreint, vantar einungis undirskrift Arons. Lára hefur samband við Aron til að skrifa undir þegar aðstæður hafa róast.

Reikningar frá Reykjarvíkurleikunum eru komnir, þarf að ganga frá þeim.

3. Mótaskrá 2020:

Fyrir fund hafði stjórn samþykkt í gegnum tölvupóst að fresta ÍM í kraftlyftingum sem átti að vera haldið 21. mars sem og ÍM í klassískum kraftlyftingum sem átti að vera haldið 18. apríl nk. Í ljósi aðstæðna samþykkir stjórn að fresta einnig Bekkpressumótinu og Bekkpressumótinu í búnaði sem áttu að vera haldin 30. og 31. Maí nk. Muggur setur þessar upplýsingar á netið. Stjórn samþykkir að bíða og sjá þangað til að samkomubanni verður aflétt hvenær mótin verða en að gefa þá keppendum nægan frest til þess að geta æft fyrir þessi mót. Næsta mót verður þá réttstöðumótið í júní.

110. Stjórnarfundur Kraft.

Einar Örn yfirgefur fund.

4. Landsliðsmál:

Landsliðsnefnd þarf að fara yfir stöðu uppá lágmörk hjá keppendum. Þar sem þeir keppendur sem stefndu á að ná lágmörkum á ÍM fyrir mót erlendis á árinu hafa ekki tök á því eins og staðan er í dag. Stjórn treystir Landsliðsnefnd til þess að leysa þetta og hliðra þá aðeins til. Auðunn ætlar að heyra í okkar landsliðsfólki hvernig gengur. Stjórn reynir að aðstoða okkar fólk eins og við getum.

5. Styrkir til landsliðsmanna:

Stjórn mun taka ákvörðun um þetta þegar mál skýrast með þáttöku á alþjóðamótum.

6. Þjálfaranámskeið hafin:

Þjálfaranámskeið hófst 7 mars.

7. Önnur mál:

Muggur setur orðsendingu frá stjórn á síðuna.

Önnur mál eru svolítið á bið eins og staðan er núna í samfélaginu.

Seinni hluti árs verður skoðaður í júní.

Fundi slitið 18:00.

Ritari : Inga María Henningsdóttir.